

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Svalbarðseyri 17. febrúar 2011

Efni: Umsögn um þingmál nr. 214; Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps fjallaði um fjallaði um þingmál nr. 214 (þingskjal 239), Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 á fundi sínum þann 8. febrúar s.l.

Bókun sveitarstjórnar var svohljóðandi:


„Þskj. 239 - 214. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Sveitarstjóra er falið að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið varðandi hjúkrunar- og dvalarrými vegna áætlana um útrýmingu fjölbýla, að gera þurfi ráð fyrir að hægt sé að bjóða upp á fleirbýli ef þess er óskað t.d. hjónum eða sambúðarfólki.“

Í ákvæði til bráðabirgða I. stendur: „*Stofnunum þar sem enn eru tvíbýli, sbr. 1. gr. laga þessara, skal á næstu 5 árum frá gildistöku laga þessara breyta með þeim hætti að fjölbýlum sé lokað en öll rými verði einbýli. Ráðherra velferðarmála skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram áætlun um með hvaða hætti fjölbýlum verði fækkað og loks útrýmt“.*

Sveitarstjórnarfulltrúum þótti orðun ákvæðisins ekki gefa svigrúm til annarra búsetuforma en einbýla. Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps vill því minna á nauðsyn þess að gert sé ráð fyrir hjónarýmum á hjúkrunar- og dvalarheimilum, þar sem hjón geta eytt saman ævikvöldinu, í stað þess að vera skilin að í ellinni.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,


Jón Hrói Finnsson,
sveitarstjóri